

Taka verður til greina kröfu gerðarþola, sem hefur fyrir heimili að sjá, um það, að honum heimilist að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00, enda hefur henni ekki verið mótmælt.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurður þessi er ekki fyrir kveðinn upp vegna mikilla anna við embættið.

Því úrskurðast:

Umbeðið fjárnám skal fara fram í standlampa, púða, „pullu“, blómsturpotti úr eir, blómsturpotti úr leir, kertastjaka, leirvasa með höldu, disk, Biblíuljóðum 1. og 2. bindi, Store Nordiske Konversations Leksikon, Lærebog i Fysik, Fuldkommen Sundhed og Vejen dertil, Historischer Schul-Atlas, teppi, púðum og útvarpstæki, þó þannig, að gerðarþola heimilast að undanskilja fjárnámi muni að virðingarverði kr. 500.00.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. október 1950.

Nr. 56/1950. **Ákærvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Gunnari Marel Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum áfengislaga, bifreiðalaga og umferðarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Gunnar Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ákærði hafði ekki látið endurnýja ökuskírteini sitt samkvæmt ákvæðum 5. málsg. 20. gr. laga nr. 23/1941, og var skírteini hans því ógilt. Akstur ákærða án þess að hafa ökuskírteini varðar við 1. málsg. 20. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært brot ákærða réttilega til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Eins og að framan er rakið, var ökuleyfi ákærða fallið úr gildi. Ber því að svipta ákærða rétti til að öðlast ökuskirteini af nýju, og telst sú réttindasvipting hæfilega ákveðin eins og í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Marel Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Hann er ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi af nýju.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Einars Ásmundssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 12. apríl 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. þ. m., er af ákæruvaldinu höfðað gegn Gunnari Marel Jónssyni stórskipasmið, til heimilis að Vestmanna-
braut nr. 1 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn 7. gr., 20. gr., 1. mgr. 23. gr. og 27. gr. sbr. 38. gr. og 39. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 16. júní 1941, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 16. júní 1941, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna nr. 33 frá 9. janúar 1935 og 46. og 48. gr. sbr. 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar, til refsingar, ökuleyfissviptingar og sakarkostnaðargreiðslu.

Kærði, sem er fæddur þann 6. janúar 1891 að Framnesi í Eyrarbakka-
hreppi, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1934 7/2 Sátt: 15 kr. sekt fyrir brot á heilbrigðissamþykkt Vestmanna-
eyja.

1938 18/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

1939 7/12 Dómur: 150 kr. sekt og sex mánaða ökuleyfissvipting fyrir
ölvun við bifreiðarakstur.

1941 3/1 Sátt: 25. kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1941 15/7 Kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur. Látið falla niður vegna
ófullnægjandi sannana.

1942 22/10 Kærður fyrir brot á fyrirmælum loftvarnanefndar. Afgreitt sama dag með aðvörun.

1944 16/10 Undir rannsókn vegna ölvunar við bifreiðarakstur. Fellt niður vegna sannanaskorts.

Samkvæmt eigin játningu kærða og því, sem á annan hátt er í ljós leitt í málinu, eru málavextir þessir:

Með kæru, dags. 2. þ. m., sem barst dómaranum í hendur þann 3. þ. m., kærði bifreiðaeftirlitsmaðurinn hér, Már Frimannsson, yfir því, að kærði, Gunnar Marel Jónsson skipasmíðameistari, hefði verið ölsaður við akstur á vöruflutningabifreið sinni V 73, að kvöldi þess 31. fyrra mánaðar. Segir eftirlitsmaðurinn í kæruskjalinu á dómsskjali nr. 1, að hann hafi verið staddur um kl. 23 greint kvöld niðri á svonefndri Nýjubryggju við verkamannaskýlið þar. Kvaðst hann þá hafa séð kærða koma út úr skýlinu og fara inn í bifreið sína, sem þá stóð skammt frá skýlinu. Segir eftirlitsmaðurinn, að kærði hafi gert tilraun til að aka bifreið sinni í burt, en vegna ölvunarástands hans hafi mjóu munað, að hann æki bifreiðinni á aðrar bifreiðar, sem stóðu þarna á bryggjunni skammt fyrir aftan bifreið kærða. Segir eftirlitsmaðurinn, að strax og hann hafi orðið þessa var, hafi hann farið að bifreið kærða og getað seilzt inn um opinn glugga á stýrishúsi hennar og stöðvað frekari akstur bifreiðarinnar. Bauðst eftirlitsmaðurinn til þess að aka bifreið kærða og kærða heim til hans, en það boð var ekki þegið.

Þar sem eftirlitsmaðurinn taldi kærða vera ofurölvi, neyddist hann til þess að taka af honum „svíss“-lykilinn úr bifreiðinni.

Kæruskjal sitt staðfesti eftirlitsmaðurinn fyrir lögregluréttinum samdægurs og það var afhent dómaranum. Lýsir hann áfengis- eða ölvunareinkennum kærða þar nánar þannig, að kærði hafi verið þvöglulegur í máli, reikað í spori, er hann kom út úr bifreiðinni, og þrúttinn og rauður í andliti. Fullyrðir eftirlitsmaðurinn, sem þekkir kærða vel, að enginn vafi hafi leikið á því, að kærði hafi verið mikið ölsaður, er hann stöðvaði bifreið hans í umrætt sinn. Bifreiðin hafi og ekki verið með lögboðnum ljósum, er kærði ók henni í greint skipti.

Þar sem eigi náðist strax í kærða til yfirheyrslu, eftir að réttarskýrsla hafði verið tekin af bifreiðaeftirlitsmanninum, voru nokkur vitni, sem gátu borið vætti í málinu, yfirheyrð áður en réttarskýrsla var tekin af kærða.

Kærði var hins vegar leiddur fyrir dóm, strax og í hann náðist þann 4. þ. m. Var honum kynnt efni kæruskjalsins á dómsskjali nr. 1, og viðurkenndi kærði, að hann hefði ekkert við kæruna að athuga. Hann viðurkenndi fyrir dóminum, að hann hefði drukkið umrætt kvöld, þann 31. f. m., um einn þela af „gin“ inni í skrifstofu sinni, sem sé svo til beint upp af Nýjubryggju. Hann viðurkenndi og, að ætlun hans hafi verið sú að aka bifreið sinni, sem sé vöruflutningabifreiðin V 73 og greint kvöld stóð austantil við verkamannaskýlið á Nýjubryggju, heim að Vestmannabraut nr. 1.

Í því skyni hafi hann sett vél bifreiðarinnar í gang og ekið henni smáspöl afturábak, þar til Már Frimannsson bifreiðaeftirlitsmaður hafi komið

að bifreið hans, bannað honum frekari akstur á bifreiðinni og tekið af honum „sviss“-lykilinn. Hefur kærði viðurkennt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við þenna bifreiðaakstur.

Kærði skýrði svo frá í sama réttarhaldi, að síðar um nóttina, er víman hefði verið runnin af honum, hafi hann sótt bifreið sína niður á Nýjubryggju og ekið henni heim til sín, enda hafi hann haft annan „sviss“-lykil að bifreiðinni en þann, sem bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi tekið af honum um kvöldið, eins og áður er rakið.

Samkvæmt kröfu dómarsans afhenti kærði honum í þessu réttarhaldi, þann 4. þ. m., ökuskirteini sitt, sem er nr. 303, útgefið hér í Vestmannaeyjum þann 4. ágúst 1938. Skirteinið ber með sér, að það hefur ekki verið endurnýjað frá útgáfu þess, svo sem fyrir er mælt, að gera skuli á 5 ára fresti, samkvæmt 20. gr. bifreiðal. in fine.

Vætti þau, sem borið hafa um áfengisáhrif kærða í umrætt sinn, eru þessi:

1. *Sveinn Sigurðsson* bifreiðarstjóri. Vitni þetta kvaðst hafa verið inni í verkamannaskýlinu rétt fyrir kl. 23 umrætt kvöld, og hafi kærði þá verið þar „áberandi undir áhrifum áfengis“. Vitni þetta sá kærða þarna með áfengisflösku í hendinni, án þess þó að það sæi kærða neyta úr henni. Vitnið fylgdist með látbragði og framkomu kærða þarna inni um stund og merkti af hvoru tveggja, að hann væri undir áhrifum áfengis. Það sá hann rifast við eða erta Björgvin skipstjóra Jónsson þarna inni, og vitnið telur sig hafa komist í að bæta um glugga í skýlinu, sem kærði hafi nýverið verið búinn að brjóta glerið í, er vitnið kom niður í skýlið.

Vitnið varð þess vart, er kærði hvarf úr skýlinu, og sá til ferða hans upp í bifreið kærða V 73, sem stóð rétt fyrir austan skýlið. Vitnið veitti því einnig eftirtækt, að kærði setti vél bifreiðarinnar í gang, að hann ók henni nokkurn spöl afturá, þar til hún var nær því komin að bifreið (V 56), er þarna stóð skammt frá bifreið kærða, og því, er Már Frimannsson kom að bifreið kærða. Segir vitnið, að Már hafi þá beðið vitnið, sem þá var komið út úr bifreið sinni, að huga að ástandi kærða og vera þess búið að votta um það, ef með þyrfti. Hefur vitnið fyrir dómi þann 4. þ. m. fullyrt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann kom út úr bifreið sinni í umrætt sinn. Hann hafi verið rauður og þrúinn í andliti.

2. *Árni Guðmundsson* bifreiðarstjóri. Vitni þetta hefur borið, að það hafi verið statt niðri í verkamannaskýli skömmu fyrir kl. 23 þann 31. f. m., og hafi það þá séð kærða þar inni „talsvert ölvaðan“. Hann hafi verið með áfengisflösku í höndunum og að óvenjumikill „sláttur“ hafi þá verið á honum. Vitnið sá ekki kærða neyta úr flöskunni, en sá hann hins vegar brjóta rúðu þar inni. Vitnið sá kærða fara út í bifreið sína og heyrði hann setja vél hennar í gang og sá hann aka henni afturábak dálítinn spöl. Segist vitnið hafa óttast, að bifreiðinni yrði ekið á næstu bifreið þarna, V 56, og því hafi það kallað aðvörunarorðum til bifreiðarstjóra þeirrar bifreiðar. Þegar vitnið var komið út úr bifreið sinni og að bifreið kærða, var þar þá einnig kominn Már Frimannsson. Segir vitnið, að kærði hafi þá verið að þess áliti álíka mikið undir áhrifum áfengis og inni í skýlinu

rétt áður. Kærði hafi þá „aðeins reikað í spori“ og verið háværari í rómi en venjulega.

3. *Björgvin Jónsson* skipstjóri. Vitni þetta hefur borið það, að það hafi verið statt niðri í verkamannaskýlinu seint að kvöldi þess 31. f. m. Hafi kærði þá komið til sín og farið að stríða sér eða erta, aðallega með því, að hann hafi verið dæmdur fyrir landhelgisbrot. Telur vitnið fullvíst, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis þarna. Kærði hafi farið úr jakka sínum og kastað honum í áttina til vitnisins, en ekki hæft það, en fatið hins vegar lent í glugga á skýlinu og brotið glerið í glugganum. Vitnið segir, að kærði hafi verið örari en venjulega, enda sé það ekki vani hans að vera með stríðni eða ertni, er hann sé allsgáður. Vitnið segist hafa fylgzt með kærða út úr skýlinu og að bifreið kærða, sem stóð þá skammt frá skýlinu. Segist vitnið ekki hafa séð kærða neyta áfengis umrætt kvöld og ekki hafi það farið með honum inn í stýrishús bifreiðar kærða, en horfið frá honum, þar sem kærði stóð við stýrishúsið og þar sem hann hafi verið búinn að opna dyr á stýrishúsi bifreiðar sinnar. Vitnið heyrði því ekki, er kærði setti vél bifreiðarinnar í gang, né sá til aksturs hennar í þetta sinn.

4. *Sigurður Helgi Jónsson* bifreiðarstjóri. Vitni þetta kom á vöruflutningabifreið sinni V 56 niður að verkamannaskýlinu rétt fyrir kl. 23 þann 31. f. m., eða um það leyti. Stöðvaði vitnið bifreið sína fyrir norðan skýlið og fyrir norðan bifreiðarnar V 72 og V 90, sem stóðu þá einnig að norðan-verðu við skýlið, en þó þannig, að vitnið kveðst hafa stöðvað bifreið sína rétt austar en hinar tvær bifreiðarnar, þ. e., að stýrishúsið á bifreið sinni hafi náð austur fyrir framenda á hinum bifreiðunum. Segist vitnið síðan hafa setið um stund inni í stýrishúsi á bifreið sinni og haft vél bifreiðarinnar í gangi. Allt í einu kveðst vitnið hafa heyrt hróp og köll og samtímis séð bifreiðinni V 73 ekið aftur á bak sem næst að bifreið vitnisins, en vitnið hafi þá ekið bifreið sinni afturábak til þess að verða ekki fyrir árekstri af V 73, en þess hafi þó ekki verið þörf, því að bifreið kærða hafi verið stöðvuð, áður en að bifreið vitnisins hefði verið komið, þó henni hefði ekki verið ekið afturábak. Vitnið varð þess síðan vart, að Már Frímannsson kom að bifreið kærða, og fór það þá út úr bifreið sinni og sá þá, að kærði var ekki allsgáður, enda tók vitnið eftir því, að kærði reikaði dálítið í spori.

Öll framangreind vitni lýstu yfir því, að þau væru reiðubúin að staðfesta framburði sína með eiði, en dómariinn taldi eiðvinningar ekki þörf, þar eð kærði hefur fyrir dómi játað að hafa verið við bifreiðarakstur að kvöldi þess 31. f. m. með framanlýstum hætti undir áhrifum áfengis.

Það virðist í ljós leitt með vísun til framangreindra vitnaframburða, eigin játningar kærða hér fyrir dómi og öðrum gögnum, þar á meðal réttarskýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins hér, að kærði hefur gerzt sekur, seint að kvöldi þess 31. f. m., um að aka bifreið sinni V 73 1) ljóslausri, 2) undir áhrifum áfengis og 3) án þess að sýna nauðsynlega aðgæzlu og varkárni. Loks í 4. lagi hefur kærði gerzt sekur um að vanrækja að láta endurnýja ökuskirteini sitt innan tilskilins frests.

Kærði hefur því að áliti réttarins gerzt sekur um brot gegn eftirtöldum laga- og reglugerðarákvæðum:

1) 2. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyjakaupstaðar nr. 41 frá 31. marz 1928 og 7. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

2) 3. mgr. 48. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, 23. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24 frá 16. júní 1941 og 21. gr. laga nr. 33 frá 9. janúar 1935.

3) 27. gr. laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

4) 20. gr. in fine laga nr. 23 frá 16. júní 1941.

Refsing kærða, Gunnars Marels Jónssonar, þykir því, með vísun til 84. gr. lögreglusamþykktar Vestmannaeyja, 38. gr. laga nr. 23/1941 (bifreiðalaga), 39. gr. laga nr. 33/1935 (áfengislaga) og 14. gr. laga nr. 24/1941 (umferðarlaga) sem og þess, að kærði hefur tvívegis áður sætt sekt fyrir ölvun við áfengisakstur, hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

Kærði hefur samkvæmt framlögðu hegningarvottorði tvívegis áður gerzt sekur um akstur bifreiðar ölvaður og auk þess tvívegis verið kærður fyrir ölvun við bifreiðarakstur, en frekari aðgerðir í bæði skiptin látnar niður falla vegna sannanaskorts eftir efni hegningarvottorðsins að dæma.

Með tilliti til þessa, einkum þess, að kærði hefur áður tvívegis sætt sekt fyrir ölvun við bifreiðarakstur sem og hve oft kærði hefur áður gerzt sekur við landslög, þykir ekki verða hjá því komizt með vísun til 39 gr. laga nr. 23 frá 1941 að svipta kærða ökuleyfi ævilangt.

Þá þykir verða að leggja á kærða allan sakarkostnað í máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregizt nokkra daga umfram þörf vegna páskavikunnar og meira aðkallandi anna dómarans. Að öðru leyti telur dómariinn, að rekstur málsins hafi verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Gunnar Marel Jónsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.